

**Sp. 937. Tillaga til þingsályktunar [515. mál]**

um byggingu leiguíbúða.

Flm.: Albert Guðmundsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Júlíus Sólnes,  
Hreggviður Jónsson, Guðmundur Ágústsson, Óli P. Guðbjartsson,  
Ingi Björn Albertsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja þegar í stað undirbúning að byggingu 1050 leiguíbúða sem reisa skal á árunum 1989–1996, eða 150 íbúðir á ári.

Fyrstu 150 íbúðunum skal skila tilbúnum til afnota í árslok 1990. Af þessum leiguíbúðum skulu 80 byggðar í Reykjavík árlega og 70 íbúðum dreift um landið, miðað við eftirspurn húsnæðislausra í hverju byggðarlagi.

Leiguíbúðir þessar verði ávallt í eigu ríkisins og leiga má aldrei vera hærri en sem svarar fjórðungi lægstu mánaðarlauna Verkamannasambands Íslands eins og þau eru hverju sinni.

Ríkisstjórnin gerir tillögur um fjármögnun.

**Greinargerð.**

Öllum er ljóst að mikill skortur er á leiguíbúðum hér á landi og á sama tíma eru leigukjör svo óhagstæð að venjulegt launafólk getur ekki staðið undir húsaleigunni einni af tekjum sínum. Þeir sem þó hafa tekið íbúðir á leigu gera það flestir með lánsfé frá peningastofnunum eða skyldfólki, í von um að mikil eftirvinna geri þeim kleift að standa í skilum með endurgreiðslu. Vonirnar bregðast oftast og flestir lenda í skuldaflækju sem bitnar á heilsu þeirra, einnig börnum og öðru heimilisfólki.

Það hlýtur að vera skylda Alþingis að ráðstafa úr sameiginlegum sjóðum þjóðarinnar á þann hátt að öllum líði vel í okkar harðbýla landi. Því er þessi tillaga borin fram. Með samþykkt hennar er gerð tilraun til að leysa eitt mesta vandamál þjóðarinnar sem snertir alla landsmenn, beint eða óbeint, í þessu vinasamfélagi.